

**91** **Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Jóns alþingis-  
6. ág. manns Sigurðssonar frá Gautlöndum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 6. ágúst 1913.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Jóns alþingismanns Sigurðssonar  
frá Gautlöndum.

### Inngangur:

Við undirritaðir, sem á sínum tíma gengumst fyrir að safna samskotum til minnisvarða yfir Jón sál. Sigurðsson frá Gautlöndum, er andaðist 26. júní 1889, vörðum fje því, er þannig kom inn til okkar viðsvegar að, til að láta reisa minnisvarða úr steini með ígreyptri marmaraplötu á leiði hans. En afganginn af samskotafjenu settum við þegar á vöxtu, og mun það verða á næsta ári með gjöfum, er síðar hafa bæst við, um 1500 kr.

Allmargir gefendanna tóku það fram, að þeir óskuðu að samskotafjeð gengi eigi einungis til minningar Jóns sál. þar sem hann hvílir, heldur einnig til minningar um hann í Reykjavík eða við alþingi, þar sem hann hefði starfað mest að því að verða þjóðkunnur.

Í anda þessara gefenda, sem við erum fyllilega samdóma, gjörum við eftirfarandi

### Skipulagsskrá.

#### 1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Minningarsjóður Jóns alþingismanns Sigurðssonar frá Gautlöndum«.

#### 2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Söfnunarsjóði Íslands, og vera innborgaður í hann fyrir 26. júnímánaðar 1914.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: Forseti neðri deildar alþingis og 2 menn, er neðri deild kýs til 6 ára í senn.

#### 4. gr.

Sex tíundu hlutum af vöxtum sjóðsins skal varið til verðlauna fyrir hin-  
ar bestu ritgerðir um búnaðarmál, samvinnumál, stjórnsmál eða framfarir Íslands,  
sem fram koma í tímaritum eða beint til stjórnarnefndarinnar, og dæmir hún  
um það, hvaða ritgjörðir eru verðlaunahæfar. Við verðlaunaveitinguna skulu  
menn af bændastjett sitja fyrir.

## 5. gr.

Verðlaun skulu veitt þá er stjórnarnefnd þykir ástæða til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á hverjum tíu árum, og á því tímabili skal veita til verðlauna  $\frac{6}{10}$  hluta vaxtanna, sem fallið hafa á þessum 10 árum. Hinir  $\frac{4}{10}$  hfutar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn.

## 6. gr.

Þegar stundir líða — þó eigi innan næstu 50 ára — má neðri deild alþingis breyta til um verðlaunaveitingar úr sjóðnum, eftir því sem kröfur tímans þá kunna að heimta. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, og eigi ganga nær vöxtunum á næstu 100 árum, en að  $\frac{1}{10}$  þeirra leggist árlega við höfuðstólinn.

## 7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu samdir fyrir 2 ár í senn, og birtir í B-deild Stjórnartíðindanna. Skulu þar nafngreindir þeir menn, sem fengið hafa verðlaun úr sjóðnum, og fyrir hvað þau verðlaun hafa veitt verið.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Gjört að Skútustöðum 8. maímán. 1913.

*Árni Jónsson. Steinþór Björnsson.*

## Auglýsing

92  
7. ág.

### um staðfesting stjórnarráðsins á samþykkt um viðauka við 16. gr. lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað 21. nóvbr. 1893.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð samþykkt um viðauka við lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað 21. nóvember 1893, er samið hefir bæjarstjórn þessa kaupstaðar:

Aftan við 16. gr. komi svolátandi viðauki: Geitfje má ekki gæslulaust ganga í landi kaupstaðarins frá 15. maí til 30. september. Eftir fráfarur má ekki hafa kið og gelt geitfje í landi kaupstaðarins.

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands 7. ágúst 1913.

**H. Hafstein.**

*Eggert Briem.*